



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 30.04.2013  
Tilvísun: 201303-0014

**Efni: Frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga (heildarlög), 635. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint mál um ný heildarlög um slysatryggingar almannatrygginga.

Ljóst er af lestri frumvarpsins að það mælir ekki fyrir um verulegar breytingar á núgildandi ákvæðum laga um almannatryggingar nr. 100/2007, enda er meginmarkmið frumvarpsins formlegs eðlis, þ.e. að einfalda regluverk almannatrygginga.

Efnisleg athugasemd Alþýðusambands Íslands við frumvarpið lítur að skilgreiningu á slyshugtakinu. Í síðari málslið 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er hugtakið slys skilgreint með eftirfarandi hætti:

*„Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.“*

Skilgreining þessi er samhljóða þeirri sem er nú að finna í síðari málslið 1. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 og felur því fyrirbyggjandi frumvarp ekki í sér efnislega breytingu á slyshugtakinu. Það telur Alþýðusamband Íslands vera afar miður enda er hugtakið eins og það er nú gallað að mati Alþýðusambands Íslands.

Í fyrsta lagi er slyshugtakið gallað vegna þess að það gerir að skilyrði að „utanaðkomandi atburður“ hafi valdið slysi. Í framkvæmd hjá Sjúkratryggingum Íslands hefur þetta þýtt hvað varðar tryggingarrétt launafólks við vinnu að einstaklingar sem slasast t.d. í fallslysum vegna þess að þeim skrikar fótur og vegna líkamlegrar ofraunar eru ekki tryggðir gegn tjóni sínu í gegnum almannatryggingar. Í ljósi framangreinds eru nokkrir tugir einstaklinga á ári hverju sem njóta ekki trygginga við vinnu sína þrátt fyrir að hafa orðið fyrir slysi. Þ.e. hafi orðið fyrir líkamstjóni án þess að stórkostlegt gáleysi eða ásetningur hafi valdið líkamstjóninu.

Í öðru lagi er slyshugtakið, eins og það er skilgreint í frumvarpinu, gallað vegna þess að það samræmist hvorki alþjóðlegum skilgreiningum á slyshugtakinu, né því slyshugtaki sem Vinnueftirlit ríkisins miðar við. Framangreint getur leitt til aukinnar hættu á því að við mat á því hvaða þættir skipti mestu máli í forvörnum vinnuslysa myndist skekkja sem helgist af þeirri staðreynd að hinn slasaði eigi mjög ríka hagsmuni undir því að líkamstjón einstaklings sé metið sem slys í skilningi almannatryggingaréttar. Vill því Alþýðusamband Íslands taka undir það sem fram kemur í umsögn Vinnueftirlitsins við frumvarpið um mikilvægi



samræmingar á vinnuslysahugtakinu. Styður Alþýðusamband Íslands því tillögu Vinnueftirlitsins um að í stað síðari málsliðs 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins komi nýr málsliður sem sé svohljóðandi:

**„Með slysi er átt við skyndilegan, óvæntan atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.“**

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Halldór Oddsson', with a long horizontal flourish extending to the right.

Halldór Oddsson.  
Lögfræðingur hjá ASÍ.



Félagsráðgjafafélag Íslands

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/2023**  
**komudagur 11.4.2013**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 - Reykjavík

Reykjavík, 11. apríl 2013

**Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands um frumvarp til laga um slysatryggingar (Þingskjal 1115 — 635. mál).**

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þykir ánægjulegt nýmæli það sem er í g-lið 9. greinar og felur í sér heimild til greiðslu kostnaðar við iðjuþjálfun og talþjálfun til viðbótar við sjúkráþjálfun. FÍ telur mikilvægt að gengið verði alla leið og bætt við áfallahjálp og félagslegri ráðgjöf. Fólk sem verður fyrir slysum upplifir oft mikið áfall og félagslegar aðstæður þess breytast. Mikilvægt er að stíga fljótt inn í og veita félagslega ráðgjöf og stuðning til að draga úr neikvæðum afleiðingum slyssins fyrir einstaklinginn sem fyrst.

Félagsráðgjafafélag Íslands telur eðlilegt að slysatryggingar almannatrygginga greiði kostnað vegna félagslegrar ráðgjafar og stuðnings vegna áfalla að fullu líkt og kostnað við sjúkráþjálfun, iðju – og talþjálfun.

f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands,

María Rúnarsdóttir, formaður.

Alþingi  
nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík <sup>mai</sup> 16. apríl, 2013

Varðar: Umsögn vegna þingskjals nr. 1115- 635 mál. Frumvarp til laga um  
slysatryggingar almannatryggingar.

Hjartaheill hefur farið yfir ofangreint lagafrumvarp og fagnar ívilnandi atriðum s.s. vegna kostnaðar við iðju-og talþjálfun. Birtingaform hjarta-og æðasjúkdóma er með ýmsum hætti. Sjúklingar sem eru með hjartagalla geta lent í því að fá heilaáfall eða slag eins og sérfræðingar vilja kalla það í dag. Eftirfarandi þurfa sjúklingar oft að fara í iðju-og talþjálfun til að ná til baka þeirri færni sem mögulegt er og aðstæður leyfa í hverju einstöku tilviki.

Hjartaheill telur það mikið sanngirnismál að fært er inn í lög varðandi ofangreint er snýr að slysatryggingum almannatrygginga og fagnar þeirri nýbreytni.



Sveinn Guðmundsson, hrl.  
varaformaður Hjartaheilla.

**Umsögn (umbeðin, innra vinnuskjal)**

Umsagnar óskaði: Bæjarráð Mosfellsbæjar, 1114. fundur 21. mars 2013  
Varðandi: Alþingi  
Nr. erindis: 201303229/50.13  
Dags.: 26.03.2013  
Málefni: Umsögn framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs

Bæjarráð, 1114. fundur tók til umfjöllunar erindi velferðarnefndar Alþingis þar sem frumvarpi til laga um slysatryggingar almannatrygginga, 635.mál var vísað til umsagnar sveitarfélagsins.

Bæjarráð vísaði erindinu til umsagnar undirritaðrar.

Gerð er athugasemd við 9. gr. frumvarpsins þar er nýmæli sem felst í heimild til greiðslu kostnað við iðjupjálfun og talþjálfun til viðbótar við sjúkráþjálfun sem hefur verið niðurgreidd til þessa. Nýmæli þessu ber að fagna. Fylgífiskur slysa er auk skertrar líkamlegrar getu oft andlegt áfall og breyttar félagslegar aðstæður. Við gerð frumvarpsins hefur verið horft fram hjá mikilvægi þess að veita hinum slasaða aðstoð við úrvinnslu þeirra afleiðinga. Bregðist sú úrvinnsla getur einstaklingurinn þróað með sér áfallastreitu með, svo dæmi séu tekin, þunglyndi og sállíkamlegum einkennum sem valda honum og fjölskyldu hans miklum óþægindum og eru oft á tíðum kostnaðsöm fyrir hið opinbera.

Lagt er til að við 1. lið 1 mgr. 9. gr. frumvarpsins verði bætt við nýjum lið þar sem tilgreind verði áfallahjálp og félagsleg ráðgjöf.

Virðingarfyllst,  
Unnur V. Ingólfssdóttir  
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs





Akureyri 11.apríl, 2013.

Til Velferðarnefndar alþingis.

**Efni:** Umsögn hjúkrunnarráðs Sjúkrahússins á Akureyri um drög að frumvarpi til laga laga um slysatryggingar almannatrygginga ( þingskjal 1115-635 mál) og drög að frumvarpi til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning ( þingskjal 1116-636 mál).

**Fyrst fjöllum við um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga.**

**Almennt:**

Að okkar áliti er hér um gott skref að ræða að hafa slysatryggingar í sér lögum. Einföldun og samræming við önnur lög af hinu góða . Einnig er gott að ekki kemur til útgjaldaaukning ríkissjóðs frá fyrra lagaumhverfi.

**Umfjöllun um einstakar greinar:**

2.gr. 3.liður og 32.gr um réttarstöðu sambúðarfólks. Gott að skerpa á réttindum sambúðarfólks en þarna teljum við að það þurfi að koma til ákvæði s.s. segir í frumvarpsdrögum um frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almanna- trygginga og félagslegan stuðning 21.gr.c-lið að uppfylla þurfi skilyrði fyrir samsköttun skv. 3.mgr.62.gr laga um tekjuskatt. Ef horft er á að einungis sé um sama lögheimili að ræða er gert ráð fyrir að það geti haft áhrif á bótarétt hvort þú hefur sama lögheimili og t.d. foreldrar þínir.

6.gr.e-liður.Gott skref en við teljum nauðsynlegt að ráðherra sé gert skylt að kveða nánar á um gildissvið ákvæðisins með reglugerð en ekki einungis að það sé heimilt.

**Umfjöllun um drög að frumvarpi til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning.**

**Almennt:**

Gott markmið og nauðsynlegt, að einfalda lagaumhverfi um almannatryggingar og að hækka bætur lífeyrisþega. Höfum ekki athugasemdir um einstakar greinar í frumvarpsdrögum að svo stöddu nema það sem er áréttað í athugasemdinni hér að ofan um óvígða sambúð. Hins vegar verðum við að taka undir álit frá Fjármála og efnahagsráðuneyti, fjárlagaskrifstofu, að mikið skorti á að tengja þessi drög við það fjármálaumhverfi sem ríkið stendur frammi fyrir s.s. langtímaspár um þróun öldrunarkostnaðar og hvernig fjármagna skal kerfisbreytinguna.

Einnig er stór galli að þessar breytingar eru ekki að bæta stöðu þeirra sem verst eru staddir heldur hyggla meira þeim sem hafa aðrar tekjur en tryggingabætur.

Því teljum við okkur ekki geta mælt með því að þetta frumvarp fari í gegn að óbreyttu.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd stjórnar hjúkrunarráðs,



Heiða Hringsdóttir  
formaður hjúkrunarráðs  
Sjúkrahúsið á Akureyri  
Eyrarlandsvegi, 600 Akureyri  
gsm, 8464274, s. 4661401  
netfang: [heidah@fsa.is](mailto:heidah@fsa.is) eða [hjúkrunarrad@fsa.is](mailto:hjúkrunarrad@fsa.is)

Afrit:

Bjarni S. Jónasson

Forstjóri FSA



Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. apríl 2013

**Efni: Frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga (heildarlög), 635. mál.**

Með tölvupósti dags. 13. mars 2013 var Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) boðið að koma að umsögn um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga.

Af hálfu SÍ er ánægja með efnisatriði frumvarpsins í heild sinni. Í frumvarpinu eru ýmis ákvæði skýrð og færð til samræmis við gildandi réttarframkvæmd, eins og getið er í skýringum með frumvarpinu, auk þess sem í því er að finna nýmæli sem einfalda eiga framkvæmd málaflokksins. Einnig er til einföldunar að færa slysatryggingar almannatryggingar í sérstaka löggjöf, en ákvæði þar um er nú að finna í IV. kafla laga nr. 100/2007 um almannatryggingar.

Í tilefni umsagnar Tryggingastofnunar ríkisins (TR) vegna máls þessa er rétt að minna á að í aðdraganda stofnunar SÍ á árinu 2008 var talið að umsjón slysatrygginga almannatrygginga væri rétt staðsett innan SÍ og ætti samleið með öðrum málaflökkum sem þá voru færðir frá TR.

Vegna réttinda slasaðra á grundvelli núgildandi 32. gr. laga um almannatryggingar (sbr. 9. gr. frumvarpsins) er algengt að meðferð mála vegna einstakra réttindagreiðslna slysatrygginga komi til meðferðar innan einingar sjúkrahjálfnunar, einingar tannlæknamála, einingar lækna-reikninga og innan hjálpartækjamiðstöðvar SÍ. Einnig tengjast slysmál gjarnan málaflökkunum sjúklingatryggingu,<sup>1</sup> sjúkradagpeningum og ferðakostnaði,<sup>2</sup> sem eru á höndum SÍ. Þannig er um að ræða umtalsverða samnýtingu starfsfólks vegna slysatrygginga milli starfseininga stofnunarinnar, en þessar einingar og málaflokkar voru allar fluttar frá TR við stofnun SÍ á árinu 2008. Þegar slysaörorka er metin meiri en 50% sér lífeyristryggingadeild TR um greiðslu mánaðarlegs lífeyris. Engin vandkvæði eru tengd þeirri framkvæmd. Örfá slík mál bætast við á ári hverju, en í langflestum tilvikum reynist slysaörorka lægri en 50% og fer eingreiðsla þá fram hjá SÍ.

<sup>1</sup> Samkvæmt lögum nr. 111/2000.

<sup>2</sup> Samkvæmt 30. og 32. gr. laga nr. 112/2008.



Að þessu sögðu vilja SÍ koma eftirfarandi athugasemdum við einstök ákvæði frumvarpsins á framfæri.

#### **Athugasemdir við 4. gr.**

Í 4. gr. frumvarpsins segir að „Sjúkratryggingastofnun, sbr. lög um sjúkratryggingar“ annist framkvæmd slysatrygginga samkvæmt lögnum. Í frumvarpinu er ítrekað vísað til sjúkratryggingastofnunarinnar. SÍ benda á að eðlilegt væri að í frumvarpinu væri vísað til stofnunarinnar með nafni, í nafni gegnsærrar lagasetningar.

#### **Athugasemdir við 5. gr.**

##### **a. b-liður 2. mgr.**

Í ákvæðinu segir að maður teljist vera við vinnu þegar hann er í sendiferð í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum á eðlilegri leið til vinnu og frá. Sama gildir um lengri ferðir af þessu tagi ef starfsmaður er á launum hjá vinnuveitanda í ferðinni.

SÍ leggja til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að reglan gildi ekki ef slasaði er tryggður samkvæmt lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda, enda fái hann tjón sitt bætt úr slíkri tryggingu. Tillagan er sett fram í nafni einföldunar framkvæmdar málaflokksins og myndi hún spara hinum tryggða og ríkinu kostnað og fyrirhöfn.

Kæmi hún til framkvæmda þyrfti hinn tryggði ekki lengur að fá mál sín fyrst afgreidd hjá SÍ og snúa sér eftir það til váttryggingafélagsins, en það ferli getur verið tafasamt. Í því sambandi skiptir máli að eingreiðslubætur slysatrygginga almannatrygginga eru dregnar frá við uppgjör bóta til hins váttryggða úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis og slysatryggingu ökumanns og eiganda, sbr. ákvæði 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Umrædd breyting hefði hins vegar sjaldnast áhrif á heildarbótarétt hins tryggða þar sem hann yrði í flest öllu tilliti tryggður betur skv. lögboðnum tryggingum váttryggingafélaganna. Hafa Danir farið þessa leið í sínum vinnuslysatryggingum. Tekið skal fram að þessi lagabreyting myndi ekki ná til atvinnubílstjóra við framkvæmd þeirra vinnu.

##### **b. Ný málsgrein**

Lagt er til að við 6. gr. bætist ný málsgrein, eftirfarandi: „Hafi slasaði verið valdur af slysi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi er heimilt að fella niður bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum eða lækka greiðslur bóta. Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd niðurfellingar og lækkunar.“

Full þörf er á að fella skýra varúðarreglu váttryggingaréttarins inn í löggjöf um slysatryggingar almannatrygginga, með það fyrir augum að ná betur þeim markmiðum sem að var stefnt með 9. gr. laga nr. 74/2002 sem bættu inn slysaskilgreiningu váttryggingaréttarins í slysakafila almannatryggingalaganna („skyndilegur utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans“). Samkvæmt núgildandi ákvæði 3. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 hafa SÍ aðeins heimild til að fella niður bótarétt ef slys hlýst af athöfn slasaða sjálfs sem ekki stendur í neinu sambandi við vinnuna. Í


frankvæmd hefur þetta verið eina reglan sem unnt hefur verið að grípa til þyki slasaði hafa valdið slysi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Fyrirnefnd breyting yrði til samræmis við bæði danskan og norskan vinnuslysarétt.

**Athugasemdir við 4. mgr. 9. gr.**

Í ákvæðinu segir að bætur samkvæmt greininni greiðist ekki vegna kostnaðar sem fellur til þegar liðin eru fimm ár eða meira frá slysdegi. Þó sé heimilt, ef alveg sérstaklega stendur á, að greiða kostnað sem fellur til í allt að tíu ár frá slysdegi enda séu skýr læknisfræðileg orsakatengsl milli slyssins og kostnaðarins.

Lagt er til að aftan við ákvæðið bætist orðin „... og um verulegan kostnað er að ræða“, þannig að orðalagið feli í sér að aðeins geti komið til greiðslu kostnaðar sem fellur þegar fimm til tíu ár eru frá slysdegi ef skýr læknisfræðileg orsakatengsl eru fyrir hendi og um veruleg fjárútlát hins slasaða er að ræða. Orðalagið myndi undirstrika að um undantekningarreglu sé að ræða. Sí telja einnig að þetta orðalag geti dregið úr fjölda kærumála sem annars má búast við á grundvelli þessa matskennda orðalags.

Virðingarfyllst,  
f.h. Sjúkratrygginga Íslands



Steingrímur Ari Arason, forstjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1990*  
*komudagur 21.3.2013*

Velferðarnefnd.

Á fundi bæjarráðs Árborgar í dag var tekin fyrir beiðni Velferðanefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga.

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð vísar málinu til félagsmálastjóra.

Framangreint tilkynnist hér með.

*Með kveðju,*

*Rósa Sif Jónsdóttir*

*ritari*

*rosa@arborg.is*

*sími 480 1900 fax 480 1901*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 12. apríl 2013  
RH/SLB/008/2013

**Efni: Frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga. – 635. mál.**

Vísað er til tölvubréfs dags. 13. mars 2013 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun greiði mánaðarlegan lífeyri þegar slysaörorka er metin meiri en 50% þrátt fyrir að Sjúkratryggingum sé falin meðferð slysatrygginga. Við uppskiptingu stofnunarinnar árið 2008 í Sjúkratryggingar Íslands og Tryggingastofnun var greiðsla slysaörorku eitt af þeim atriðum sem skaraðist á milli stofnananna og ekki er enn frágengið. Eðlilegast væri að taka skrefið til fulls að fela þeim sem sér um slysatryggingar að sjá um slysatryggingarnar að öllu leyti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fela Sjúkratryggingum að sjá um slysatryggingar. Í því sambandi er rétt að benda á að slysatryggingar eiga mikla samleið með lífeyristryggingum sem Tryggingastofnun fer með og þau sem eiga rétt til slysatrygginga eiga oft rétt til greiðslna úr lífeyristryggingakerfi Tryggingastofnunar. Slysatryggingar eiga það líka sameiginlegt með lífeyristryggingum að það felur í sér beina þjónustu við einstaklinginn á meðan þjónusta Sjúkratrygginga beinist fremur að fagaðilum. Markmiði stjórnvalda að einfalda alla aðkomu viðskiptavinarins að opinberri þjónustu með svokallaðri „one shop stop“ yrði þannig frekar náð ef Tryggingastofnun væri falin umsjón.

Rétt er að áréttta að þar sem ma. tölvukerfi Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga hvað varðar slysatryggingar hafa enn ekki verið aðskilin og Tryggingastofnun sinnir enn víðtækri upplýsingatækniþjónustu við Sjúkratryggingar, er líklegt að ekki yrði um aukinn heildarkostnað að ræða við að flytja málaflokkinn yfir til Tryggingastofnunar, heldur yrði einvörðungu um að ræða flutning á starfsmönnum og þeim kostnaði sem Sjúkratryggingar hafa af umsýslu með málafloknum yfir til Tryggingastofnunar.

Virðingarfyllt,



Sigríður Lilly Baldursdóttir forstjóri

Alþingi  
Nefndarsvið  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2013

Tilvísun: 201304-0101/0.03.02

### **Umsögn um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga, 635. mál**

Vísað er til beiðni velferðarnefndar Alþingis um umsögn um ofnagrent frumvarp sem barst í tölvupósti, dags. 13. mars 2013.

#### **Inngangur**

Vinnueftirlits ríkisins fer með framkvæmd laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhæti og öryggi á vinnustöðum, en markmið þeirra er m.a. að koma í veg fyrir vinnuslys og atvinnutengda sjúkdóma. Mikilvægt er fyrir Vinnueftirlitið að hafa nákvæmar upplýsingar um vinnuslys t.d. fjölda, orsakir og hvar slys eiga sér stað til að stofnunin geti gripið til ráðstafana til að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig. Lög nr. 46/1980 veita Vinnueftirlitinu ákveðin tæki til að afla upplýsinga um vinnuslys, bæði eru vinnuslys tilkynningarskyld til stofnunarinnar, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980 auk þess sem Vinnueftirlitinu ber að rannsaka alvarlegri vinnuslys, sbr. 81. gr. laga nr. 46/1980.

Vinnueftirlitið skilgreinir vinnuslys með eftirfarandi hætti:

Með vinnuslysi er átt við skyndilegan, óvæntan atburð í tengslum við vinnu sem veldur áverkum, heilsutjóni eða dauða eins eða fleiri einstaklinga.

Er þessi skilgreining í samræmi við skilgreiningu Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar (ILO), Evrópusambandsins (ESB) og almannatryggingarlaganna í Danmörku á vinnuslysi.

Vinnueftirlitið gerir eftirfarandi athugasemd við frumvarpið:

#### **Skilgreining á vinnuslysi (5. gr.)**

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. fyrirbyggjandi frumvarps munu slysatryggingar almannatrygginga taka til slysa við vinnu, iðnnáms, björgunarstarfa og tiltekna íþróttæfingar, íþróttasýningar, íþróttakeppnir eða heimilisstörf, enda sé sá sem fyrir slysi verður tryggður samkvæmt ákvæðum 6. eða 7. gr. Í 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er slys síðan skilgreint með eftirfarandi hætti:



Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.

Þessi skilgreining á slysi sem leggur áherslu á utanaðkomandi atburð, útilokar á hverju ári vinnuslys þar sem ofraun verður á líkama en þau hafa frá 2007 að telja verið á bilinu 68 til 97 á ári hverju.

Á því eru verulegar líkur að með þessari áherslu á utanaðkomandi atburð í skilgreiningunni þá verði ofmetið í tölfræði þáttur slíkra atburða þar sem ríkir hagsmunir hins slasaða eru að fá slysið metið sem slys samkvæmt slysatryggingum. **Þetta leiðir til þess að aukin hættu er á skekkju við mat á hvaða þættir skipta mestu máli í slysaforvörnum og því mikilvægt að hafa skilgreininguna opna og í samræmi við almennan skilning á slysum.** Eins og áður hefur verið getið þá er sú skilgreining sem Vinnueftirlitið notast við í samræmi við skilgreiningu ILO, ESB og almannatryggingarlaganna í Danmörku.

Vinnueftirlitinu þykir eðlilegt að skilgreining á vinnuslysi verði samræmd hér á landi svo engin bjögung verði í tölfræði vinnuslysa og þar með slysaforvörnum, auk þess verður það að teljast óeðlilegt að skilgreining á vinnuslysi skv. fyrirbyggjandi frumvarpi sé ekki í samræmi við það sem almennt tíðkast á alþjóðavettvangi og hjá þeim sem við viljum bera okkur saman við.

Af ofangreindum ástæðum gerir Vinnueftirlitið það að tillögu sinni að eftirfarandi breytingar verði á 5. gr. frumvarps til laga um slysatryggingar almannatrygginga:

Í stað 2. másl. 1. mgr. kemur nýr máslíður svohljóðandi: *Með slysi er átt við skyndilegan, óvæntan atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.*

Að öðru leyti gerir Vinnueftirlit ríkisins ekki athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu, en er að sjálfsgöðu reiðubúið að senda fulltrúa sína til umfjöllunar um málið í háttvirtri þingnefnd.

Virðingarfyllst  
f.h. Vinnueftirlitsins

---

Kristinn Tómasson  
yfirlæknir

---

Björn Þór Rögnvaldsson  
lögfræðingur

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/2038*  
*komudagur 26.4.2013*



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík

Reykjavík 24. apríl 2013

**Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga, þingskjal 1115 – 635. mál.**

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) tók til umfjöllunar erindi velferðarnefndar Alþingis um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga.

**Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.**

**Um 6. gr. Breytingar á slysatryggingu íþróttafólks.**

Það að skylda íþróttafólk að vera í formbundnu íþróttafélagi eða í viðurkenndu íþróttasambandi stríðir gegn ákvæði stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Engan má skylda til aðildar að félagi skv. 2. mgr. 74. gr. laga nr. 33/1944 um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og einnig skv. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Til að einstaklingur sé slysatryggður ætti að vera nægilegt að hann sé orðinn 16 ára og æfi skipulega hjá félagi óháð formi þess og hvort það sé aðili að ÍSÍ eða ekki.

**Um 9. gr. Sjúkrahjálp.**

Í a. lið. 1. mgr. 9. gr. kemur fram að greiða skuli að fullu fyrir læknishjálp sem samið hefur verið um samkvæmt lögum um sjúkratryggingar. ÖBÍ gagnrýnir að réttur fólks til aðstoðar ráðist af því hvort stjórnvöld hafi samið við heilbrigðisstarfsmenn. Valdi bótaskyld slys sjúkleika og vinnutjóni í minnst 10 daga á það að vera skylda stjórnvalda að greiða kostnað vegna læknishjálpar hins slasaða óháð því hvort stjórnvöld hafi samið samkvæmt lögum um sjúkratryggingar eða ekki.

Gert er ráð fyrir því nýmæli að í g-lið 1. mgr. 9. gr. verði kveðið á um greiðslu kostnaðar við iðjupjálfun og talpjálfun auk sjúkráþjálfunar. ÖBÍ lýsir ánægju sinni yfir þessu nýmæli en bendir jafnframt á að bætt verði í 9. gr. að kveðið verði á um greiðslu vegna kostnaðar vegna áfallahjálpar og félagslegrar ráðgjafar. Er þetta sett fram þar sem eftirfylgni eftir slys er nauðsynleg til að hjálpa tjónþola að vinna úr afleiðingum slyss sem geta verið margvíslegar og kostnaðarsamar.

### **Um 11. gr. Örorubætur.**

ÖBÍ telur nú vera tækifæri til að hætta tengingu lífeyris slysatryggingakafla almennatrygginga og lífeyriskafla almennatrygginga. Þannig verði um tvo aðskilda bótaþætti að ræða. Samkvæmt núverandi kerfi mun sá sem lent hefur í vinnuslysi áður og fengið metna 10-49% örorku hjá Sjúkratryggingum Íslands þurfa að þola skerðingu á grunnlífeyri sem því nemur ef hann er metinn til örorku síðar samkvæmt lífeyriskafla almennatrygginga. Engu skiptir þó örorka sem metin er samkvæmt lífeyriskafla almennatrygginga tengist ekkert því slysi sem örorka var metin fyrir áður. Þannig myndi örorka vegna slysa alltaf vera metin sérstaklega og greidd út t.d. í formi eingreiðslu og ekki hafa áhrif á rétt til lífeyris skv. III. kafla almennatrygginga. Margir félagsmanna ÖBÍ þurfa nú að þola skerðingu á sínar lífeyrisgreiðslur vegna eingreiddra slysabóta mörgum árum fyrir metna varanlega örorku. Þykir það vera bæði íþyngjandi og ósanngjarnt gagnvart þeim einstaklingum.

Ekki er óþekkt að vissar lífeyrisgreiðslur slysatrygginga hafi verið ótengdar öðrum bóttum slysatrygginga. Sem dæmi má nefna að ákvæði almennatryggingalaga um sjúklingatryggingu sem komu með lögum nr. 74/1989 veitti rétt til örorkulífeyris eða eingreiðslu samkvæmt reglum slysatrygginga almennatrygginga. Þessar bætur máttu fara saman við lífeyrisgreiðslur samkvæmt lífeyriskafla laganna. Þykir því eðlilegt og sanngjarnt að svo fari um allar bætur slysatryggingakafla almennatrygginga.

### **Um 14. gr. Umsóknir um bætur.**

ÖBÍ telur að leggja beri ríkari skyldur á atvinnurekanda um að senda inn tilkynningu þegar um bótaskyld slys er að ræða. Þess eru dæmi að atvinnurekendur hafi ekki tilkynnt um slys með þeim afleiðingum að starfsmaður hefur ekki notið þess réttar sem um getur í slysatryggingu viðkomandi. Tilkynningarskylda á ávallt að vera á atvinnurekanda en ekki á starfsmanni, það er hinum tryggða. Tryggða sé þó heimilt að tilkynna sjálfur bótaskyld slys ef atvinnurekandi gerir það ekki.

ÖBÍ telur að eins árs tilkynningarfrestur sé of stuttur þar sem afleiðingar slysa séu ekki alltaf komnar fram innan árs frá slysadegi. ÖBÍ leggur til að tilkynningarfrestur verði 4 ár í samræmi við fyrningarreglur á almennum kröfum.

### **Um 34. gr. Skyldur starfsfólks.**

ÖBÍ lýsir ánægju sinni með þessa grein og bendir á að setja mætti sambærilegt ákvæði í frumvarp um lífeyrisréttindi almennatrygginga.

### **Um 35. gr. Réttindi milli landa.**

ÖBÍ vill í þessu samhengi benda á að skerðingar vegna réttar í öðru landi komi ekki til nema ljóst sé að einstaklingur njóti í raun greiðslna annars staðar frá. ÖBÍ telur að Sjúkratryggingum Íslands beri að kanna rétt einstaklinga, það er hvort þeir fái greiðslur annars staðar frá en einstaklingar eigi ekki að bera þá skyldu.

**Um 36. gr. Ákvörðun fjárhæða.**


ÖBÍ lýsir óánægju sinni með þessa grein en með henni er ákvæði lögfest sem auðveldar stjórnvöldum að lækka bætur eða láta þær standa í stað vegna efnahagsþrenginga. ÖBÍ leggur áherslu á að 69. gr. laga um almannatryggingar haldist óbreytt í sinni mynd.

Virðingarfyllt,  
f.h. Öryrkjabandalags Íslands



---

Guðmundur Magnússon  
Formaður ÖBÍ



---

Lilja Þorgeirsdóttir  
Framkvæmdastjóri ÖBÍ